

18. Fundur Umhverfis- og Náttúruverndar- nefndar Skaftárhrepps haldinn á Kirkjubæjarstofu 5. október 2015 kl 16:00.

Mætt eru: Jóna Björk Jónsdóttir formaður, Jóhannes Gissurarson og Sveinn Hreiðar Jensson varamaður í fjarveru Ágúst Leó Sveinssonar sem boðaði forföll.

Gengið er til dagskrár.

1. Staða í sorpmálum og samskipti við Íslenska Gámafélagið.
Formaður upplýsir nefndina um tölvupóstssamskipti sín við Íslenska Gámafélagið. Íslenska Gámafélagið vinnur í því að fá starfsleyfi í samstarfi við sveitarstjóra um móttöku spilliefna á gámapelli en samkvæmt bréfi frá Heilbrigðiseftirlitinu, dagsett 24. júní var móttaka spilliefna gagnrýnd. Formanni er falið í samstarfi við sveitarstjóra að vinna málið áfram.
2. Gámapellir, staðan.
Formanni er falið að kanna stöðuna á uppbyggingu gámapallar hjá byggingarfulltrúa og sveitarstjóra. Nefndin telur áriðandi að uppbygging gámapallarins hefjist fyrir lok ársins 2015.
3. Ágengar tegundir.
Unnið verður betur að upprætingu kerfils í sveitarfélaginu á komandi vori.
4. Fjárhagsáætlun.
Umhverfis- og náttúrunefnd mælist til þess að sveitarfélagið standi fyrir hreinsunarátaki á næsta sumri. Jafnframt var beðið var um fjárframlag til að staðsetja gáma í eina viku í hverju hinna gömlu sveitarfélaga.
5. Ný lög um náttúruvernd
4. september 2015
Frá nefndasviði Alþingis.
Ágæti viðtakandi.
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um náttúruvernd (varúðarregla, almennaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.), 140. mál.
Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 8. október nk. á netfangið nefnadasvid@althingi.is

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd leggur til breytinga á 22. Grein 3 málsgrein þar sem stendur:

Utan þéttbýlis skal einungis nota tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað á skipulögðum tjaldsvæðum og svæðum á óræktuðu landi sem tengjast vegum sem heimilt er að aka og þar sem ekki er hætt á skemmdum á náttúrunni.

Nefndin leggur til að málsgreinin verði:

Utan þéttbýlis skal einungis nota tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað á skipulögðum tjaldsvæðum, nema með sérstöku leyfi.

Rökstuðningur þessa er að: næturdvöl veldur ónæði á landeiganda og aðra ferðamenn, óþrifnaði vegna úrgangs, ásamt aukinni eldhættu á viðkvæmum landssvæðum. Jafnframt býr

náttúra Íslands yfir ýmsum váum til dæmis, jökulhlaup, eldgos, öskufall og óveður. Komi til slíkra náttúrhamfara þurfa viðbragðsaðilar að rýma landssvæði hratt og örugglega og erfitt er að tryggja öryggi þeirra sem dveljast utan merktra svæða.

6. Áhrif af völdum vatnavaxta og jökulhlaupa í Skaftárhreppi.

Nefndin hvetur sveitarstjórn til að þrýsta á stjórnvöld og stofnanir til aðgerða vegna þess tjóns sem orðið er vegna vatnavaxta og jökulhlaupa í Skaftárhreppi. Jafnframt mælist nefndin til þess að sveitarstjórn sendi áskorun til stjórnvalda um að Náttúrustofu Suðausturlands verði falin vöktun og rannsóknir á áhrifum hinna ýmsu þátta jökulvatna í Skaftárhreppi. Til dæmis áhrif Skaftárhlaupa á grunnvatn, gróður, fiskgengd og svifryk sem og breytingar á rennsli jökulvatna og fleira. Setja þarf fram þær sviðsmyndir sem orðið geta ef slíkt hlaup eða jafnvel stærri endurtaka sig og viðbrögð við þeim.

7. Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 19:15